

3. Bogfimiþing  
Bogfimisambands Íslands



**bogfimisamband  
íslands**

*29. mars 2025  
Íþróttamiðstöðinni í Laugardal  
Reykjavík*

## 1. Þingsetning

Formaður BFSÍ Guðmundur Örn Guðjónsson bauð þingfulltrúa og gest velkomna á annað bogfimiþing og setti þingið.

## 2. Þriggja manna kjörbréfanefnd kosin

Lögð er fram tillaga um Alfreð Birgisson, Guðbjörg Reynisdóttir og Sölvi Óskarsson.

Spurt var eftir fleiri tillögum en engar voru lagðar fram. Kjörbréfanefnd var því sjálfkjörin með lófaklappi þinggesta.

Kjörbréfanefnd var beðin um að taka til starfa samstundis og Alfreð Birgisson var beðinn um að leiða nefndina.

## 3. Kosning þingforseta

Gerð er tillaga um Valdimar Leó Friðriksson til þingforseta, engin mótframboði eru.

Tillagan er samþykkt af þingfulltrúum með lófaklappi.

Þingforseti þakkaði traustið og tilkynnti að eftir skoðun á fundarboði að boðað hafi verið til þingsins á lögmætan hátt. Þingforseti bauð viðstöddum að bera upp athugasemdir, engar athugasemdir tengt boðun bárust og skoðast þingið því löglegt.

## 4. Kosning þingritara

Gerð er tillaga um Valgerði Einarsdóttir Hjaltsted. Engin mótframboð eru hún telst því sjálfkjörin með lófaklappi. Þingforseti bað um heimild fyrir þingritara að taka upp þingið til þess að auðvelda að gera samantekt í þinggerð sé sem réttust. Aðeins þingritari hefði aðgang að upptökunni. Heimildin var veitt einróma.

## 5. Ávarp gesta.

Þingforseti opnar fyrir liðinn ávarp gesta.

Einn gestur tekur orðið Andri Stefánsson framkvæmdastjóri ÍSÍ. Andri skilar kveðjum frá forseta, framkvæmdastjórn og starfsmönnum ÍSÍ og að þau hafi átt mjög ánægjulegt samstarf við stjórn og starfsmenn BFSÍ. Andri fer yfir ýmis verkefni og stöðuna hjá ÍSÍ og hvernig það snertir íþróttahreyfinguna almennt. Andri lýsti einnig yfir ánægju sinni yfir hraðri þróun og vexti BFSÍ og bogfimiíþróttá hingað til. Andri þakkaði samstarf við fyrri stjórn og vonar að gott samstarf haldi áfram í framtíðinni.

Andri sæmdi einnig Albert Ólafsson Gullmerki ÍSÍ fyrir gott starf í þágu íþróttahreyfingarinnar með setu sinni og starfi fyrir stjórn BFSÍ frá stofnun sambandsins.

## 6. Niðurstaða kjörbréfanefndar

Þingforseti kallar upp formann kjörbréfanefndar Alfreð Birgisson til þess að kynna niðurstöðu kjörbréfanefnda, formaður kjörbréfanefndar tilkynnir að 15 þingfulltrúar með atkvæði og 1 varafulltrúi mættu á þingið. Þingforseti spyr hvort að athugasemdir séu við talningu kjörbréfanefndar. Engar bárust.

Þingforseti vísar samt til þess að varafulltrúum félaga sé ekki boðið til þingsetu og tilgangur þeirra sé að mæta á þing ef að aðalfulltrúar geta ekki mætt. En þingforseti gaf varafulltrúa sem var mættur leyfi til þess að sitja þingið, en minnr á að slíkir aðilar hafa ekki málfrelsi eða tillögurétt á þinginu.

## 7. Skýrsla stjórnar lögð fram og kynnt

Formaður BFSÍ kynnti skýrslu stjórnar. Skýrsla stjórnar 2023 var kynnt á formannafundi 2024 og hefur verið á vefsíðu BFSÍ í ár núna, formaður fór mjög stutt yfir ársskýrslu 2024. Eftir að formaður

hafði lokið máli sínu spurði þingforseti hvort að einhver vildi ræða eða spyrja um skýrslu stjórnar. Svo var ekki.

## 8. Reikningar lagðir fram og kynntir

Gjaldkeri BFSÍ Albert Ólafsson leggur fram og kynnis ársreikninga BFSÍ.

Engar athugasemdir voru gerðar við ársreikninga sambandsins. Ein fyrirspurn barst um hvort að mögulegt væri að fá sundurliðun húsa- og vallarleigu utandyra og innandyra, gjaldkeri sagði að BFSÍ væri ekki að gera slíkar sundurliðanir en ekkert mál að senda slíka samantekt eftir þingið.

Þingforseti ber ársreikninga undir atkvæði og eru þeir samþykktir einróma.

## 9. Fjárhagsáætlun lögð fram og borin undir atkvæði

Gjaldkeri BFSÍ lagði fram og kynnti fjárhagsáætlun BFSÍ 2025-2027.

Þingforseti opnaði fyrir umræður og spurningar tengt liðnum. Engar spurningar komu fram. Engar athugasemdir voru gerðar við fjárhagsáætlun.

Þingforseti ber fjárhagsáætlun undir atkvæði og er hún samþykkt einróma.

Andri framkvæmdastjóri ÍSÍ fékk að stinga inn tillögu að því að færa fjárhagsáætlun sem loka lið þingsins við næstu yfirferð laga BFSÍ. Ef ákvarðanir þingsins myndu hafa áhrif á fjárhagsáætlun sambandsins þá gæti þurft að breyta fjárhagsáætlun sambandsins í takt við slíkar ákvarðanir.

## 10. Lagabreytingar.

Engar lagabreytingar bárust fyrir þingið og því haldið í næsta lið. Fulltrúi Hróa Hattar mótmælir og útskýrt fyrir honum hver munur er á lögum og reglugerðum og haldið áfram.

## 11. Aðrar tillögur kynntar í fundarboði

### a) Heildarstefna BFSÍ 2025-2028 kynnt

Þingforseti boðar Albert Ólafsson í pontu til þess að kynna heildarstefnu BFSÍ 2025-2028. Albert fjallar stutt um uppfærða heildarstefnuna næsta tímabils. Fáar breytingar eru á stefnunni milli tímabila og að miklu leiti uppfærsla á fyrri heildarstefnu Þingforseti gefur orðið laust. Engin kvað sér orðið.

### b) Tillögur frá Hróa Hetti – Heildarstefna 2021-2024

Fulltrúi BF Hróa Hattar kynnis breytingartillögu þeirra á Heildarstefnu 2021-2024. Að mestu tillögur um að breyta markmiðum fortíðar t.d. að taka út markmið um að ráða íþróttastjóra til starfa, erfitt var að skilja tillöguna. Þingforseti bað um skýringu að verið sé að leggja til breytingu á eldri heildarstefnu aftur í tímann fyrir markmiðum sem er þegar búið að ná og sem að féll þá úr gildi í fyrra? Fulltrúi Hróa Hattar svarar játandi. Þingforseti metur sem svo að slík tillaga sé ótæk vísar tillögunni frá þingi.

### c) Óbreytt Afreksstefna 2021-2029 kynnt og lögð fyrir til samþykktar af stjórn BFSÍ

Íþróttastjóri BFSÍ kynnis stutt óbreytta afreksstefnu BFSÍ 2021-2029, stjórn BFSÍ mælir með því að stefnan verði samþykkt óbreytt og leggur hana óbreytta fram til samþykktar. Þingforseti gefur orðið laust. Enginn óskaði eftir orðinu. Þingforseti leggur óbreytta Afreksstefnu BFSÍ 2021-2029 fyrir atkvæði. Afreksstefna BFSÍ 2021-2029 er samþykkt einróma.

Formaður BFSÍ bendir á að stjórn BFSÍ hafi lagt fram Afreksstefnu 2021-2029 óbreytta til samþykktar, en að breytingartillögur hafi borist frá einu félagi eftir það. Þingforseti baðst afsökunar og leyfði sér að draga samþykktina tímabundið til baka á meðan farið var yfir breytingartillögur BF Hróa Hattar.

**d) Breytingartillaga á Afreksstefnu 2021-2029 tillaga frá BF Hróa Hetti. Að taka út menntunarkröfur fyrir Íþróttastjóra**

Fulltrúi frá BF Hróa Hetti kynnir breytinguna, í stuttu er tillaga BF Hróa Hattar taka út menntunarkröfur fyrir þá sem koma að afreksstarfi BFSÍ.

Íþróttastjóri útskýrir að krafa frá ÍSÍ fyrir sérsambönd að setja menntunarkröfur fyrir þá sem koma að afrekstarfi sambandsins í afreksstefnu. Sem er gert í samræmi við ramma ÍSÍ um afrekstefnur sérsambanda og Afrekssvið ÍSÍ. Ef að BFSÍ fer ekki eftir viðmiðum ÍSÍ um afreksstarf og afreksstefnur þá getur sambandið ekki sótt um styrki til Afrekssjóðs ÍSÍ, sem gæti gert það af verkum að sambandið og afreksfólkið tapar tugum milljóna fyrir vikið. Því sé þessi tillaga ekki við hæfi og íþróttastjóri hvetur fulltrúa Hróa Hattar til þess að afla sér grunn þekkingar og upplýsinga um málefni fyrst, áður en þeir leggja til tillögur á þingum.

Þingforseti lagði tillögu Hróa Hattar fyrir þingið. Tillagan er felld. 11 atkvæði á móti og ekkert fylgjandi.

**e) Breytingartillaga á Afreksstefnu 2021-2029 tillaga frá BF Hróa Hetti. Val í hópa landslið/ungmennalandslið að bæta við landsliðsnefnd**

Fulltrúi Hróa Hattar kynnir breytingartillöguna. Í stuttu máli fellst í að leggja til að setja á fót fimm manna landsliðsnefnd sem velur í landslið með Íþróttastjóra, af því að íþróttastjóri getur ekki vitað um alla iðkendur allra félaga, sérstaklega minni félaga, svo að þeir hafi tækifæri á því að keppa í landsliðsverkefnum.

Íþróttastjóri útskýrir að til þess séu til mót á Íslandi eins og Íslandsmót til að mæla getu. Iðkandi sem keppir ekki á Íslandi er ekki mikið efni í landsliðsverkefni. Fimm manna nefnd þjónar engum tilgangi, þar sem val ferlið er nánast sjálfvirk byggt á getu íþróttafólks í mótum. Stjórn BFSÍ samanstendur af 5 aðilum sem eru með eftirlit með starfi Íþróttastjóra. Hvað á þessi nefnd að gera?

Spurning kom frá fulltrúa LF Freyju um hvernig núverandi val fer fram í landsliðsverkefni, þar sem félagið er nýlega endurvakið þá var hann ekki búinn að kynna sér það.

Íþróttastjóri útskýrir í stuttu máli að við sendum besta fólkið sem vill fara. Íþróttafólk lætur íþróttastjóra vita (beint eða í gegnum félagið sitt) um þau landsliðsverkefni það hefur áhuga á því að taka þátt í á komandi ári fyrir frestinn. Íþróttastjóri velur þá sem eru með hæsta getustig (skor) á tímabilinu í landsliðsverkefni með takmörkuðum þátttökukvóta. Ferlið er að mestu leiti sjálfvirk, einfalt og gagnsætt og lýst mjög skýrt á vefsíðu sambandsins og í reglugerðum.

Íþróttastjóri bendir fulltrúum BF Hróa Hattar á að skynsamlegt sé að byrja að leita sér grunn upplýsinga og skilnings á atriðum áður en þeir leggja til breytingar á þingum. Starfsfólk BFSÍ er til reiðu allt árið til að útskýra og gefa frekari upplýsingar ef að spurningar vakna.

Íþróttastjóri bætir við að núverandi val ferli BFSÍ í landsliðsverkefni hefur einnig verið lagt fyrir til mats hjá alþjóðabogfimisambandinu, sem hefur notað val ferli Íslands í landsliðsverkefni sem dæmi fyrir aðrar þjóðir til að fylgja á netfundum aðildarlanda, ásamt val ferli nokkurra stórþjóða. Því væri ekki við hæfi að breyta úr því heimsklassa í val ferli sem BFSÍ er með nú þegar og er notað sem fordæmi fyrir önnur lönd að fylgja.

Erla fulltrúi Hróa Hattar sem kynnir tillöguna spyr af hverju hún persónulega hafi ekki verið valin í landslið á EM, sem íþróttastjóri svarar af því að það voru aðrir keppendur með hærra getustig (skor) á tímabilinu sem höfðu lýst yfir áhuga að fara. Erla spyr af hverju ein af betri stelpunum hafi ekki verið færð úr meistaraflokks liðinu til þess að hún gæti sjálf farið á EM. Íþróttastjóri svaraði að það

væri ekki við hæfi að meina íþróttamanni sem er með hærra getustig að keppa til að koma fyrir íþróttamanni með lægra getustig í landslið.

Þingforseti opnar kosningu á tillöggunni. Breytingartillagan er felld með meirihluta 10 atkvæðum á móti og 2 með.

Þar sem breytingartillögur voru felldar var Afreksstefna BFSÍ því samþykkt óbreytt í samræmi við lið 11.c

## **12. Tillögur og önnur mál lögð fyrir þingið sem þingmeirihluti leyfir, umræða og atkvæðagreiðsla**

Fulltrúi frá UMF Tindastóli kom með ábendingu til stjórnar að skoða hvort að mögulegt sé að fækka fulltrúum á þingum í framtíðinni. Formaður svaraði að stjórnin væri að gera það reglubundið og væri með tölfraði um fulltrúafjölda og dreifingu þeirra.

## **13. Kosningar.**

### **a) Stjórn:**

#### **i) Formaður til tveggja ára**

Framboð sem bárust fyrir tilsettan frest voru:

Guðmundur Örn Guðjónsson

Guðmundur Örn Guðjónsson var sjálfkjörinn til formanns Bogfimisambands Íslands með lófaklappi þingfulltrúa.

#### **ii) Tveir meðstjórnendur til fjögurra ára**

Framboð sem bárust fyrir tilsettan frest voru:

Haraldur Gústafsson

Haukur Hallsteinsson

Haraldur og Haukur voru sjálfkjörin til stjórnar Bogfimisambands Íslands með lófaklappi þingfulltrúa.

#### **iii) Þrjú varamenn til tveggja ára**

Framboð sem bárust fyrir tilsettan frest voru:

Alfreð Birgisson, fyrsti varamaður

Ragnar Smári Jónasson, annar varamaður

Heba Róbertsdóttir, þriðji varamaður

Varamenn voru sjálfkjörnir lófaklappi þingfulltrúa.

Þar sem ekki var kosning um varamenn var þeim raðað eftir tillögu sem lögð var fram um að Alfreð væri fyrsti varamaður, Ragnar annar og Heba þriðji. Tillagan var samþykkt einróma.

### **b) Tveir skoðunarmenn reikninga**

Gerð var tillaga um: Ólaf Gíslason og Albert Ólafsson. Engir aðrir gáfu kjör á sér.

Skoðunarmenn voru sjálfkjörnir með lófaklappi þingfulltrúa.

## **14. Þingforseti bauð upp á viðbótar lið önnur mál ef einhver vildi tjá sig um eitthvað annað.**

- a) Erla þingfulltrúi BF Hróa Hattar les upp bréf með persónulegu neikvæðu álitinu um formanni BFSÍ. Formaður BFSÍ svaraði í stuttu máli að slík meiðyrði séu ekki við hæfi og félagið þurfi alvarlega að bæta samskipti innan sinna raða.

b) Enginn annar bað um orðið

**15. Þingslit**

Þingforseti þakkaði fyrir sig og þakkaði starfsmönnum þingsins og gaf orðið til formanns BFSÍ sem þakkaði öllum fyrir komuna og sleit þinginu.